

Nd. 541. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febrúar 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 60 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektar ákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þrjár breytingar á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2/1970 og lög nr. 66/1973 um breyting á þeim lögum, og eru þær þessar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að 2. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit verði orðuð á þann veg, að viðtaka á ólöglega innfluttum vörum, hvort sem hún er gegn endurgjaldi eða ekki, verði ótvírætt gerð að sjálfstæðu broti. Núverandi orðalag málsgreinarinnar gefur tilefni til að ætla, að viðurlög séu einungis við því atferli að selja eða afhenda ólöglega innfluttar vörur en að annað atferli varði eigi við lög. Sé litið til athugasemda við frumvarp til laga um tollheimtu og tollaefitirlit, nú l. 59/1969, sbr. A-deild Alþingistiðinda 1968, bls. 598, er ljóst að ætlast mun hafa verið til í upphafi, að greinin næði efnislega til ofangreinds atferlis.

Um 2. mgr. 61. gr. segir eftirfarandi:

„2. mgr. greinarinnar svarar til 2. mgr. 39. greinar gildandi laga, með þeirri breytingu, að brotið er gert sjálfstætt“. Tilvitnun til gildandi laga á við lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, en í 2. mgr. 39. gr. þeirra laga var svohljóðandi ákvæði:

„Sömu refsingu skulu þeir sæta, sem aðstoða þá, sem hafa ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma“.

Með breytingu á 2. mgr. 61. gr. í ofangreinda átt verður eigi dregin í efa heimild í lögum um tollheimtu og tolleftirlit til refsingar vegna þess atferlis, sem

lýst er í greininni og jafnframt aukinn varnaður almennt við ólöglegum innflutningi til landsins.

Um 2. og 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um tollheimtu og toleffirlit er hámarksfjárhæð sekta bundin við kr. 500 000 og heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning m. a. bundin því skilyrði, að brot varði eigi hærri sekt en kr. 20 000. Vegna verðlagsbreytinga og neikvæðra áhrifa þeirra á markmið þau, sem stefnt er að með nefndri lagasetningu, þ. e. að auka varnað og að létta verulegu álagi af dómstólum með því að eigi er nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstólanna, er lagt til, að nefndum sektarmörkum verði breytt þannig, að hámarksfjárhæð sekta verði hækkuð í kr. 4 000 000 og heimild tollyfirvalda til að ákvarða sektir verði bundin við hámarkssekt kr. 60 000.

Eigi er talin þörf á að hækka að svo stöddu núgildandi hámarksheimild tollyfirvalda til eignarupptöku, sem nú nær til verðmæta allt að kr. 100 000.